

Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri

Föstudagur 18. Nóvember 2005 kl. 14.00

Mættir: Elín M. Hallgrímsdóttir, Þórir Sigurðsson, Elín Díanna Gunnarsdóttir, Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, Kjartan Ólafsson.

Dagskrá:

1. Undirbúningur aðalfundar

Þórir fer í gegnum þau atriði sem á að taka fyrir á aðalfundi samkvæmt lögum félagsins (sjá lög félagsins).

Umræða fer fram um notkun hreyfisalarar, og er áhugi á að fá aðila sem var í svonefndum undirbúningshópi til þess að kynna stöðu mála. Rætt um að næsta stjórn sitji fram í febrúar og þá verði komið á rútinu hvað varðar skiptingu. Rætt um tilhögun Námssjóðs, hækka styrkuppþæð og útvíkka skilgreiningu á umsókn. Rætt um kosningu samninganefndar Helgi Gestsson var síðast formaður. Með honum starfaði Hjördís Sigursteinsdóttir.

2. Önnur mál

- a. Á síðasta félagsfundi (umræðufundur 15.11) var rætt um að félagið sendi frá sér tvær ályktanir. Annars vegar vegna þess hvernig staðið var að málum varðandi hagræðingu innan háskólans, þar sem lítið sem ekkert samráð átti sér stað við félagið og deildir innan skólans varðandi þær breytingar sem standa fyrir dyrum. Ekkert upplýsingaflæði átti sér stað milli fulltrúa í háskólaráði og félagsins. Og hins vegar almenna ályktun sem beint er til fjölmiðla þar sem lýst er yfir áhyggjum vegna fjárhagsstöðu háskólanna sem óneitnalega dregur allan mátt úr akademísku starfi þeirra. Rætt um að halda framhaldsfund, þar sem þessar ályktanir verða fullmótaðar og lagðar fram til samþykktar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 15.30

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir ritaði fundinn.